

Útboðsgögn fyrir Snjómokstur í Dýrafirði

1. Almennar upplýsingar um útboð

1.1 Yfirlit

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, óskar eftir tilboðum í snjómokstur á Þingeyri og í sveitum Dýrafjarðar. Samningurinn gildir frá 1. október 2024 til 30. apríl 2027. Kaupandi áskilur sér rétt til að framlengja samninginn um allt að 2 ár, með samþykki verktaka.

Verktaki skal vera reiðubúinn til snjómoksturs frá og með 1. október ár hvert til 30. apríl. Verktaki skal tryggja að tæki og mannskapur séu ávallt tiltæk til að sinna snjómokstri á þessu tímabili.

Umfang: Ekki er áætlaður tímafjöldi í magnskrá heldur er óskað eftir að verktaki bjóði tímagjald fyrir þau tæki með starfsmanni sem verkkaupi gerir lágmarkskröfu um.

Verktaki skal kynna sér snjómoksturreglur Ísafjarðarbæjar:
<https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/samgongur/snjomokstur>.

Umsjónaraðili útboðs hefur skipulagt eftirfarandi tímasetningar fyrir útboðsferlið (dagsetningar geta breyst). Umsjónaraðili er Eypór Guðmundsson.
Eythorgu@isafjordur.is

1.2 Helstu dagsetningar útboðsins

Atburður	Dagsetning
Kynningarfundur/vettvangsskoðun	Ekki haldin
Útboð auglýst	25. september 2024
Fyrirspurnarfrestur	6.október 2024
Svarfrestur við fyrirspurnum	8.október
Lokafrestur til að skila tilboðum	10.október
Opnun tilboða	11.október kl: 16:00
Upphaf þjónustu	1.október ár hvert
Lok þjónustu	30.apríl ár hvert

1.3 Lög og reglugerðir

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og reglugerðir á grundvelli laganna. Stangist texti útboðsgagna á við lögin, vísar textinn. Lög um opinber innkaup má nálgast á heimasíðu Alþingis. Verktaki er ábyrgur fyrir að þjónustan sé unnin í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, þar á meðal eftirfarandi lög:

- Umferðarlög nr. 77/2019.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjörð nr. 990/2011.
- Reglur og leiðbeiningar Vinnueftirlits ríkisins.
- ÍST 30:2012.

1.4 Snjómokstursreglur

Verktaka ber að framkvæma snjómokstur í samræmi við snjómokstursreglur Ísafjarðarbæjar. Reglurnar má finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og skulu þær fylgt í hvívetna.

<https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/samgongur/snjomokstur>

Snjómokstursreglurnar skilgreina m.a. forgangsröðun gatna, vinnubrögð við mokstur, ábyrgð verktaka og aðra þætti sem tengjast vetrarþjónustu sveitarfélagsins.

2. Skilgreining á verksviði

2.1 Umfang verksins

Þjónustan felur í sér reglulegan snjómokstur á tilgreindum svæðum á Þingeyri samkvæmt leiðbeiningum og forgangsröðun sem kemur fram í snjómokstursreglum.

Verktaki mun einnig sjá um mokstur í Dýrafjarði (sjá viðhengi B).

Sé þörf á frekari mokstri vegna skólagöngu barna skal hafa samráð við þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar.

2.2 Verksvið og skyldur verktaka

Verktaki skal tryggja að aðgengi sé viðhaldið á öllum tilgreindum svæðum á samningstímanum. Allar viðgerðir og viðhald á tækjum skulu vera í samræmi við kröfur um hámarks gæði og öryggi.

2.3 Kröfur um tækjabúnað

Verktaki skal tilkynna hvaða tæki hann hyggst nota til verksins og gefa upp (sjá tilboðsblað) skráningarnúmer eða aðra auðkenningu. Tækin skulu vera vel útlítandi, í góðu ástandi og uppfylli allar viðeigandi reglugerðir. Verktaki skal hafa yfir að ráða tækjum sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

- **Tæki 1: Tæki til snjómokstur. Þ.e Hjólaskófla - Traktórsgrafa**

- Lágmarkkröfur 8+ tonn
- Lágmarkskröfur : 100+ hestöfl
- Tæki skal vera með vængskóflu.

- **Tæki 2: Fjórhjóladrifinn traktór eða sambærileg tæki sem verkkaupi samþykkir.**

- Fjórhjóladrifinn traktór útbúinn snjóblásara, eða sambærilegan tækjakost sem verkkaupi samþykkir og hentar í verkið
- Bjóðendur skulu tilgreina tegund og heiti Tækis/Snjóblásarans sem þeir hyggjast nota við verkið.

Mat á tækinu:

- Áhaldahús Ísafjarðarbæjar áskilur sér rétt til að meta hvort boðinn Tæki/ snjóblásari henti til að sinna verkefninu á fullnægjandi hátt. Bjóðendum verður gert að afhenda nánari tæknilýsingar eða sýna tækið, ef óskað er eftir því, til að tryggja að það geti sinnt verkinu í samræmi við kröfur kaupanda.

Útilokun eða viðbót:

- Ef áhaldahúsið metur það svo að boðið tæki/snjóblásari sé ekki nægilega öflugur eða hæfur til að sinna verkefninu, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði eða biðja um viðbótar upplýsingar/tæki sem uppfylla þær kröfur sem verkið krefst.“

Bæði tæki þurfa að vera til staðar til að sinna verkefninu. Verktaki skal leggja fram upplýsingar um þessi tvö tæki á tilboðsblaði.

Verktaki skal gera ráðstafanir á samningstíma og skal tryggja að hægt sé að viðhalda eðlilegu þjónustustigi í snjómokstri í Dýrafirði miðað útkallstíma jafnvel þó að Germlufallsheiði sé lokuð. Því skal verktaki tryggja að snjómoksturstæki sem notað er við snjómokstur á Þingeyri sé staðsett í Dýrafirði yfir veturinn til að tryggja skjóta og örugga viðbragðstíma.“

Verktaki getur einnig lagt fram annan tækjakost sem hann hefur yfir að ráða til að þjónusta svæðið, og skal sá tækjakostur tilgreindur á tilboðsblaði. **Sá tækjakostur er ekki hluti af valforsendum.**

2.4 Viðbragðstími og vinnutilhögun

Verktaki þarf að vera í viðbragðsstöðu og hafa snjómokstur vegna þessa samnings í forgangi gagnvart öðrum verkum. Almennt er verktaki kallaður út þannig að hann geti hafið vinnu kl. 7 á morgnana og fram til kl. 19:00 á kvöldin þegar þörf krefur.

Viðbragðstími skal vera innan við 30 mínútur frá útkalli.

Ekki skal hafinn snjómokstur nema í samráði við verkstjóra. Verkstjóri ákveður hverju sinni hvort allt svæðið skuli mokað að fullu eða einungis hluti þess.

Verkefnið felst í hreinsun á snjó og krappa af götum og bifreiðastæðum á Þingeyri akstri með snjó af götum og bifreiðastæðum ef þörf krefur. (Viðhengi A) sem og snjómokstur í sveit Dýrafjarðar (viðhengi B) og Verktaki skal veita þjónustu á vegum Ísafjarðarbæjar á þann veg að allt sé til fyrirmyndar. Komi upp endurtekin atvik þar sem samskiptum og þjónustulund er ábótavant eða verktaki fer ekki eftir fyrirmælum snjómokstursreglna og tengliðs verkkaupa, áskilur verkaupi sér rétt til að rifta samningi án frekari fyrirvara. Verktaki skal leitast við að veita vegfarendum sem besta og hagkvæmasta þjónustu.

Frágangur og gæði verks

-Verkstjórn verktaka og dagbók

Dagleg umsjón, stjórnun og eftirlit með framkvæmd verks er í höndum verkstjóra hjá Þjónustumiðstöðvar Ísafjarðarbæjar (Áhaldahúsi). Verktaki skal halda dagbók yfir verkið samkvæmt ákvæðum greinar 3.3.3 í ÍST 30 2012. Í dagbókina skal verktaki skrá hvenær hann byrjar og hættir, skrá allar skemmdir og kvartanir sem upp kunna að koma og einnig allar þær upplýsingar sem verkkaupi óskar.

Gæði verks Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í kafla 4.3 í ÍST 30. Öll vinna og allur frágangur verksins skal vera í samræmi við kröfur útboðsgagna og vönduð og fagmannlega af hendi leyst, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað. Verktaki skal bæta að fullu allar skemmdir er hann kann að valda við framkvæmd verksins. Óháð eftirliti verkkaupa ber verktaki fulla ábyrgð á allri vinnu

Mokstur

Verkstjórar fara yfir það með hverjum og einum verktaka (tækjamanni) hvernig þeir eigi að haga mokstri hverju sinni og hvaða götur skuli mokaðar. Sjá má forgangs röðun snjómoksturs, snjólosunarsvæði og þjónustuflokka gatna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Öryggisráðstafanir

Verktaki skal kynna sér vel allar aðstæður á staðnum, kantsteina, mannvirki götugögn sem varast þarf við mokstur. Þurfi að grípa til umferðarmerkinga þá mun verkkaupi leggja til skilti og umferðarmerki sem nauðsynleg eru, en verktaki skal koma þeim fyrir. Sama gildir um aðrar öryggis ráðstafanir ef nauðsynlegar eru.

Verktaki skal hafa samráð við verkstjóra verkkaupa, lögreglu og vinnueftirlit eða aðra þá sem um málið fjalla og fara að fyrirmælum þeirra. Við allar öryggisráðstafanir, skal verktaki fara eftir gildandi reglum Vinnueftirlits ríkisins. Við snjómokstur skal aka á þeim hraða sem skilar mestum árangri en ávallt skal þó aka innan löglegs hraða og sýna skal annarri umferð fyllstu tillitsemi. Vegi skal moka í fullri breidd nema að fyrirmæli séu um annað. Ekki má skilja eftir varasamar snjórastir á köntum. Moka skal gatnamót og útskot jafnóðum ef kostur er, en annars eins fljótt og unnt er

Leita skal samþykkis verkkaupa fyrir breyttri mönnun tækis meðan á samningstímanum stendur.

Kostnaður

Í hverjum einstökum lið skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, snjókeðjur o.s.frv. allt nema það sem sérstaklega er undanskilið. Aðeins einingaverð eru bindandi.

3. Samskipti og afhending tilboða

3.1 Samskipti á tilboðstíma

Allar fyrirspurnir sem tengjast útboðinu skulu berast skriflega á netfangið Eythorgu@isafjordur.is. Fyrirspurnir skulu berast fyrir lok fyrirspurnarfrests sem tilgreindur er í kafla 1.2. Svarfrestur er tilgreindur í sama kafla. Svör við fyrirspurnum verða send öllum sem hafa óskað eftir útboðsgögnum. Ef upp koma nauðsynlegar breytingar á útboðsgögnum, verða þær sendar út í formi viðbótar eða breytinga á útboðsgögnum.

3.2 Afhending tilboða

Tilboðum skal skila á rafrænu formi á netfangið Eythorgu@isafjordur.is merkt: "Tilboð í snjómokstur í Dýrafirði. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn staðfestingarpóstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til umsjónaraðila kaupanda án tafar.

3.3 Framsetning tilboða

Tilboð telst vera skuldbindandi þegar því hefur verið skilað til verkkaupa. Tilboð skal lagt fram af aðila innan fyrirtækisins sem hefur samkvæmt lögum og skipulagi fyrirtækisins heimild til að skuldbinda það. Ef ósamræmi eða reiknivillur eru í tilboði, er Ísafjarðarbæ heimilt að miða við það einingarverð sem fram kemur á tilboðsblöðum ef villa er augljós og leiðrétting raskar ekki jafnræði þjóðenda.

Einingarverð Magneining er klukkustund (klst.), og verð miðast við vinnutíma tækis og vinnutíma ökumanns m.vsk

3.4 Framlenging á gildistíma tilboða

Kaupandi áskilur sér rétt til að framlengja gildistíma tilboða um allt að 30 daga. Ef þörf er á frekari framlengingu skal leita samþykkis bjóðenda.

3.5 Afturköllun tilboða

Á tilboðstíma getur bjóðandi hvenær sem er dregið tilboð sitt til baka, breytt tilboði sínu og skilað aftur. Kerfið staðfestir með tölvupósti þegar tilboði hefur verið skilað. Hafi tilboð ekki verið afturkallað telst það vera skuldbindandi.

3.6 Frávísun tilboða

Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að vísa frá óskýrum tilboðum sem hafa ekki að geyma þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum.

3.7 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs

Ísafjarðarbær mun samþykkja hagstæðasta/ustu gilda/u tilboð samkvæmt valforsendum útboðsskilmála. Þar til búið er að gera endanlegan samning er kaupanda heimilt að hætta við útboðið á grundvelli málefnalegra ástæðna. Ástæður geta t.d. verið að engin gild tilboð bárust, tilboð eru óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum kaupanda. Kaupandi mun hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér þó rétt til að taka tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun að því gefnu að honum takist að útvega fjármagn sem upp á vantar.

4. Valforsendur og stigagjöf

4.1 Valforsendur

Val á tilboðum mun byggjast á fjárhagslegri hagkvæmni og gæðum. Stigagjöf verður byggð á eftirfarandi þáttum:

Tæki 1

- Verð: 80% af heildarstigum (0-80 stig)
- Þyngd: 15% af heildarstigum (0-15 stig)
- Hestaflafjöldi: 5% af heildarstigum (0-5 stig)

Til að tilboð teljist gilt verður tækið að uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur: Sjá kafla 2,3

Hluti 2: Snjómokstur traktórsgrafa

- Verð: 70% af heildarstigum (0-70 stig)
- Hestaflafjöldi: 30% af heildarstigum (0-30 stig)

4.2 Stigagjöf og útreikningur

Stigagjöf verður byggð á eftirfarandi þáttum, þar sem samtals er hægt að fá 100 stig:

Snjómokstur Tæki 1

1. **Verð:** 80% af heildarstigum (0-80 stig)
 - Lægsta verð fær fullt hús stiga (80 stig).
 - Önnur tilboð fá stig í hlutfalli við lægsta verð með eftirfarandi formúlu:

$$Stig = \left(\frac{lægsta_verð}{boðið_verð} \right) \times 80$$

2. **Þyngd tækja:** 15% af heildarstigum (0-15 stig)
 - Ef boðin þyngd er 8 tonn, fær tilboðið 0 stig.
 - Ef boðin þyngd er 14 tonn eða meira, fær tilboðið 15 stig.
 - Önnur tilboð fá stig í hlutfalli við þyngdina með eftirfarandi formúlu:

$$Stig = \left(\frac{boðin_þyngd - 8}{14 - 8} \right) \times 15$$

3. **Hestaflafjöldi:** 5% af heildarstigum (0-5 stig)
 - Ef boðin hestaflafjöldi er 100 hestöfl, fær tilboðið 0 stig.
 - Ef boðin hestaflafjöldi er 250 hestöfl eða meira, fær tilboðið 5 stig.
 - Önnur tilboð fá stig í hlutfalli við hestaflafjölda með eftirfarandi formúlu:

$$Stig = \left(\frac{boðin_hestafl - 100}{250 - 100} \right) \times 5$$

Snjómokstur tæki 2

Stigagjöf fyrir hluta 2:

1. Verð: 70% af heildarstigum (0–70 stig)
 - Lægsta verð fær fullt hús stiga (70 stig).
 - Önnur tilboð fá stig í hlutfalli við lægsta verð með viðeigandi formúlu.

$$Stig = \left(\frac{lægsta_verð}{boðið_verð} \right) \times 70$$

2. Hestaflafjöldi: 30% af heildarstigum (0–30 stig)

- Ef boðin hestaflafjöldi er 100 hestöfl, fær tilboðið 0 stig.
- Ef boðin hestaflafjöldi er 250 hestöfl eða meira, fær tilboðið 30 stig.
- Önnur tilboð fá stig í hlutfalli við hestaflafjölda með eftirfarandi formúlu:

$$Stig = \left(\frac{boðin_hestafl - 100}{250 - 100} \right) \times 30$$

Samanlögð stigagjöf úr báðum hlutum verður notuð sem grundvöllur fyrir endanlegt val á tilboði.

4.2

Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs

Ísafjarðarbær mun samþykkja hagstæðasta gilda tilboð samkvæmt valforsendum útboðsskilmála. Þar til búið er að gera endanlegan samning er kaupanda heimilt að hætta við útboðið á grundvelli málefnalegs ástæðna.

Ástæður geta t.d. verið að engin gild tilboð bárust, tilboð eru óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum kaupanda.

Kaupandi mun hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun, en áskilur sér þó rétt til að taka tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun að því gefnu að honum takist að útvega fjármagn sem upp á vantar.

5. Tæknileg og fagleg geta bjóðanda

5.1 Tæknileg og fagleg geta

Tæknileg og fagleg geta fyrirtækis skal vera tryggð að því marki að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Fyrirtæki er heimilt að byggja á fjárhagslegri, tæknilegri og faglegri getu annarra aðila, óháð lagalegum tengslum við þá, sbr. 76. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup (OIL).

Krafa	Staðfesting
Starfsmenn verktaka við verkið skulu hafa full réttindi og a.m.k. tveggja ára reynslu sem tækjamaður á sambærilegu tæki við snjósmokstur. Ef starfsmenn hafa ekki reynslu	Skrá yfir tæknimenn sem starfa hjá bjóðanda, ásamt upplýsingum um menntun þeirra, reynslu og við hvað þeir starfa hjá bjóðanda.

af snjómokstri, þá er til vara hægt að samþykkja starfsmenn með reynslu á sambærilegu tæki, en það er háð samþykki verkkaupa.	
Verktaki skal tilkynna hvaða tæki hann hyggst nota til verksins og gefa upp skráningarnúmer eða aðra auðkenningu.	Sjá tilboðsblað, Yfirlýsing um tæki, vélakost og tæknibúnað sem nýta skal til verksins/þjónustunnar.

Bjóðendur skulu staðfesta að ofangreindar kröfur um reynslu og þjónustu séu uppfylltar. Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að sannreyna þetta og skulu bjóðendur, ef til þess kemur, tafarlaust veita umbeðnar upplýsingar. Að öðrum kosti áskilur Ísafjarðarbær sér rétt til að vísa tilboði frá í þessu útboði.

5.2 Opinber gjöld

Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld, þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld	Vottorð frá Skattinum, ekki eldra en þriggja mánaða á opnardegi tilboða eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv. e-Certis.
Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrisskuldbindingar sínar.	Vottorð, ekki eldra en þriggja mánaða á opnardegi tilboða, frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum eða sambærileg staðfesting frá heimalandi bjóðanda skv. e-Certis.

5.3 Fjárhagsstaða bjóðanda

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um fjárhagsstöðu bjóðenda til að tryggja að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Kaupandi getur krafist eftirfarandi upplýsinga:

- **Jákvætt eigið fé síðasta árs:** Kaupandi mun kalla eftir árituðum ársreikningi síðasta árs til staðfestingar á því að eigið fé bjóðanda sé jákvætt.
- **Eiginfjárhlutfall:** Kaupandi mun kalla eftir upplýsingum um eiginfjárhlutfall bjóðanda, sem reiknast sem eigið fé/heildarfjármagn.

Þessar upplýsingar verða kallaðar eftir ef kaupandi telur það nauðsynlegt við mat á tilboðum, eða á meðan á samningstíma stendur, til að tryggja að bjóðandi/samningsaðili geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

5.3 Gögn sem bjóðandi skal skila inn með tilboði sínu

Til að tilboð teljist gilt, skal bjóðandi skila inn eftirfarandi gögnum með tilboði sínu:

1. Tilboðsblað:
 - Fullgilt tilboðsblað þar sem koma fram öll viðeigandi atriði, þar á meðal:

- Boðið verð.
- Tæknilegar upplýsingar um tækið (þyngd, hestaflafjöldi).
- Yfirlýsing um hvaða tæki bjóðandi hyggst nota til verksins, með skráningarnúmerum eða annarri auðkenningu.

2. Skráningarskírteini vélar:

- Skráningarskírteini fyrir vélar sem tilboðið tekur til, með upplýsingum um skráða þyngd og hestaflafjölda.

3. Upplýsingar um fyrirhugaða vélakaup (ef við á):

- Staðfesting á fyrirhuguðum kaupum á vél, þar á meðal upplýsingar um vélina, þyngd og hestaflafjölda.

4.4 Gögn sem bjóðandi skal skila inn fyrir samning

Vottorð um skráningu í atvinnurekstri:

- Staðfesting á skráningu í atvinnurekstri sem sýnir að bjóðandi hefur rétt til að starfa sem verktaki.

Skattvottorð:

- Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld, þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.
- Staðfesting á þessu skal vera í formi vottorðs frá Skattinum, ekki eldra en þriggja mánaða á opnunardegi tilboða

Ábyrgðartrygging:

- Staðfesting á gildri ábyrgðartryggingu sem nær yfir mögulegt tjón sem kann að verða vegna snjómokstursins (eða annarra tilgreindra verka).

Tæknileg og fagleg geta:

- Starfsmenn verktaka við verkið skulu hafa full réttindi og a.m.k. tveggja ára reynslu sem tækjamaður á sambærilegu tæki. Þetta skal staðfest með skrá yfir tæknimenn sem starfa hjá bjóðanda, ásamt upplýsingum um menntun þeirra, reynslu og við hvað þeir starfa hjá bjóðanda.

6. Greiðslur, verð og tryggingar

6.1 Greiðsluskilmálar

Magneining og tímagjald: Magneining er klukkustund (klst.), og greiðslur miðast við vinnutíma tækis og vinnutíma ökumanns. Tímagjald manns er jafnaðargjald, og verður ekki greitt sérstakt eftirvinnu- og næturvinnugjald. Ísafjarðarbær greiðir ekki

tímagjald fyrir vél í lögbundnum matar- og kaffitímum, enda vélin ekki í notkun á þeim tíma.

Greiðslur til verktaka: Greiðslur til verktaka verða inntar af hendi í áföngum í samræmi við verkframvindu. Greiðslur eru háðar staðfestingu á fullnægjandi frammistöðu af hálfu verkkaupa. Lokagreiðsla verður innt af hendi þegar allri þjónustu er lokið og hún hefur verið samþykkt af verkkaupa. Allar greiðslur skulu vera í íslenskum krónum (ISK) með virðisaukaskatti (VSK).

Samþykktir reikningar: Samþykktir reikningar verða greiddir af kaupanda eigi síðar en 20 dögum eftir móttökudag. Seljendum er heimilt að nota greiðsluseðla til stýringar á greiðslum, sér til hagræðis, en mega ekki setja á reikning seðilgjöld eða önnur gjöld sem ekki tengjast seldri vöru/þjónustu.

Rafræn reikningsgerð: Seljendur skulu fylgja tækniforskriftum um einfaldan rafrænan reikning samkvæmt Staðlaráði Íslands: tækniforskrift TS-136 fyrir reikninga og tækniforskrift TS-137 fyrir kreditnótur (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Forskriftirnar má nálgast á heimasíðu Staðlaráðs, án kostnaðar:

- TS-136 - Einfaldur rafrænn reikningur
- TS-137 - Kreditnóta

Frekari leiðbeiningar um rafræna reikninga má finna á heimasíðu Fjársýslu ríkisins: Rafrænir reikningar eða á heimasíðu Ísafjarðarbæjar: Afhendingarmati reikninga Greiðsluaðferðir: Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að greiða slíka reikninga með millifærslu eða endursenda þá ef þeir uppfylla ekki tilskildar kröfur.

Dráttarvextir: Dráttarvextir skulu ekki vera hærri en skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

6.2 Verð og verðbreytingar

Verðbreytingar á tímagjaldi verktaka munu miðast við samsetta vísitölu, þar sem 70% miðast við vísitölu reksturs ökutækja og 30% við launavísitölu. Grunnvísitala samnings er vísitala ágúst 2024. Samningsverð verður endurskoðað árlega í október, en þó fyrst 1. október 2025.

6.3 Tryggingar og ábyrgð

Verktaki skal hafa gildar ábyrgðartryggingar sem ná yfir mögulegt tjón sem kann að verða vegna snjómokstursins. Við undirritun samnings skal verktaki leggja fram staðfestingu á ábyrgðartryggingum sínum.

Verktaki ber einnig ábyrgð á því að tæki sem notuð eru í verkið séu í fullkomnu ástandi og uppfylli allar viðeigandi reglugerðir. Verktaki er skyldugur að hafa allar lögbundnar tryggingar sem heyra undir hans rekstur og að tryggingarnar séu í gildi á öllum tímum meðan verkið stendur yfir.

7. Ferilvöktun

7.1 Uppsetning og notkun ferilvöktunar

Í upphafi samningstímans mun kaupandi kynna lausn er snýr að ferilvöktun. Kostnaður við tæki og rekstur ferilvöktunar er í höndum Ísafjarðarbæjar. Verktaki skal hafa lokið við að útbúa öll tæki sem sinna snjómokstri fyrir Ísafjarðarbæ með þar að lútandi búnaði. Verktaki fær ekki snjómokstursverkefni, fyrr en búnaður er sýnilega kominn í tæki og komin í notkun.

7.2 Rafræn vöktun og persónuvernd

Notkun ferilvöktunar telst rafræn vöktun, sbr. 9 tl. 3. gr. laga um persónuvernd nr. 90/2018. Ísafjarðarbær er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laganna og ber meginábyrgðina á því að vinnslan sé í samræmi við lög. Bjóðendur skulu hafa samráð við persónuverndarfulltrúa Ísafjarðarbæjar áður en tækin eru tekin í notkun til að tryggja að allar öryggisráðstafanir sem krafist er vegna vinnslunnar séu uppfylltar samkvæmt lögum um persónuvernd.

7.3 Tilgangur ferilvöktunar

Ferilvöktunarbúnaðurinn safnar upplýsingum um staðsetningu, stefnu, hraða og hæð yfir sjávarmáli í gegnum gervihnetti í rauntíma. Tækið sendir þessar upplýsingar ásamt upplýsingum um rafspennu ökutækisins í kerfi vinnsluaðila í gegnum farsímakerfi. Önnur gögn eru útreiknuð/unnin í kerfum til birtingar hjá yfirmanni Áhaldahúss Ísafjarðarbæjar, verkstjóra snjómoksturs og sviðstjóra umhverfis- og eignarsviðs.

7.4 Vinnsluferill gagna


Tilgangur vinnslunnar er:

- Stýring tækjafloða.
- Eftirlit með verkframgangi og verkskilum.
- Upplýsingar um staðsetningu tækis ef slys verður við akstur, til dæmis vegna skaðabótakrafna.

Athugið: Gögnum verður eytt eftir 90 daga í samræmi við 7. gr. reglna um rafræna vöktun.


Viðhengi A: Mokstursleiðir og Forgangur mokstursleiðir fyrir Þingeyri

Sjá einnig á <https://www.isafjordur.is/is/umhverfi/samgongur/snjomokstur>



Viðhengi B: **Mokstursleiðir og Forgangur** mokstursleiðir Dýrafjörð (yfirlit)

Sjá einnig á <https://www.isafjordur.is/is/umhverfi/samgongur/snjomokstur>



Drög að Verksamningi fyrir snjómokstur á Þingeyri

1. Aðilar samningsins

1.1 Kaupandi

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639

Aðsetur: Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

Netfang: [netfang@isafjordur.is]

1.2 Verktaki

[Heiti fyrirtækis]

Kt. [Kennitala]

Aðsetur: [Heimilisfang]

Netfang: [Netfang]

2. Tilgangur samnings

Tilgangur samningsins er að tryggja reglulegan snjómokstur á helstu götum, bifreiðastæðum og aðkomuleiðum í Dýrafirði í samræmi við útboðsgögn, tilboð verktaka og ákvæði þessa samnings.

3. Gögn sem hluti af samningi

Eftirfarandi gögn eru óaðskiljanlegur hluti þessa samnings:

- Útboðsgög nr. 2024080147 „Snjómokstur á Dýrafirði“ ásamt fyrirspurnum og svörum.
- Tilboð verktaka, dagsett [dagsetning]
- Snjómokstursreglur Ísafjarðarbæjar

4. Tímabil samnings

Samningurinn gildir frá 1. október 2024 til 30. apríl 2027. Kaupandi áskilur sér rétt til að framlengja samninginn um allt að tvö ár, með samþykki beggja aðila.

5. Greiðslur og reikningar

Greiðslur til verktaka verða inntar af hendi í samræmi við verkframvindu, samkvæmt eftirfarandi skilmálum:

- Greiðslur verða gerðar í íslenskum krónum (ISK) með virðisaukaskatti (VSK).
- Verktaki skal senda reikning eftir framvindu, sem verður staðfest af yfirmanni áhaldahúss.

6. Ábyrgðartryggingar

Verktaki skal leggja fram staðfestingu á ábyrgðartryggingum sínum við undirritun samnings. Verktaki ber ábyrgð á því að tryggingar séu í gildi á öllum samningstímanum.

7. Viðurlög og vanefndir

Ef verktaki uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt samningi, getur kaupandi beitt viðurlögum sem geta falið í sér:

- Fjársektir fyrir drátt á þjónustu.
- Innheimtu á kostnaði vegna vanefnda.
- Riftun samnings ef verktaki uppfyllir ekki skyldur sínar.

8. Trúnaður

Verktaki skuldbindur sig til að halda trúnað um allar upplýsingar sem hann fær aðgang að í tengslum við framkvæmd samningsins, nema lög kveði á um annað.

9. Persónuvernd

Kaupandi og verktaki skulu í öllu tilliti fylgja reglum um persónuvernd samkvæmt gildandi lögum. Sérstaka athygli skal gefa við meðhöndlun persónuupplýsinga sem kunna að koma fram í tengslum við samninginn.

11. Ráðning og skipulagning vinnu

Verktaki skal tryggja að allir starfsmenn sem taka þátt í framkvæmd samningsins hafi næga reynslu og hæfni. Verktaki skal einnig bera ábyrgð á að starfsmenn hans fylgi gildandi lögum og reglugerðum í starfi sínu. Allt tjón, sem verður á eignum, skal tilkynna til verkkaupa án tafar í tölvupósti ahaldahus@isafjordur.is

12. Undirskriftir

Samningur þessi er undirritaður í tveimur eintökum, einum fyrir hvorn aðila.

Fyrir hönd kaupanda:

Nafn: _____

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____